



Borgarráð

***Tillaga nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar***

Lagt er til að borgarráð og eftir atvikum borgarstjórn samþykki hjálagða tillögu nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, dags. 13. desember, að skipan í stjórnir Orkuveitu Reykjavíkur, Félagsbústaða hf. og Faxaflóahafna sf. Kosning í 5 manna stjórn Félagsbústaða kallar á breytingu á samþykktum.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, dags. 13.12.2022, að skipan í stjórnir Orkuveitu Reykjavíkur, Félagsbústaða hf. og Faxaflóahafna sf.

## Tillaga tilnefningarnefndar borgarráðs Reykjavíkur

### 1. Skipun tilnefningarnefndar

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2022 var tillaga formanns borgarráðs, dags. 16. ágúst 2022, samþykkt ásamt fylgiskjölum, þar sem lagt var til að borgarráð samþykki erindisbréf um nefnd til tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar. Tilnefningarnefnd skipa:

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður

Einar Þorsteinsson

Hildur Björnsdóttir

Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir

Borgarstjóri situr einnig í nefndinni og fer með eigendafyrirsvar Reykjavíkur

Kjartan Magnússon tók við upphaf starfa sæti Ragnhildar Öldu Vilhjálmsdóttur sem er í barneignarleyfi, en Marta Guðjónsdóttir tók sæti Kjartans frá og með 1. desember 2022.

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari situr fundi nefndarinnar sem og ráðgjafi nefndarinnar Helga Hlín Hákonardóttir lögmaður og ráðgjafi hjá Strategíu. Sandra Dröfn Gylfadóttir lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara ritar fundargerðir nefndarinnar.

Samkvæmt Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar (eigandastefnan) hefur tilnefningarnefnd það hlutverk að rýna og gera tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja sem falla undir eigandastefnuna, sem og annarra ráða og nefnda þeirra sem eigendur tilnefna og/eða kjósa til slíkra starfa (trúnaðarstöður fyrirtækjanna).

Fyrir liggur að tilnefna og kjósa í stjórnir Faxaflóahafna sf., Félagsbústaða hf. og Orkuveitu Reykjavíkur sf. og fer hér á eftir tillaga tilnefningarnefndar um skipan stjórnanna.

### 2. Tilnefningar í stjórnir

Samkvæmt eigandastefnunni skal í vinnu tilnefningarnefndar litið til þess að stjórn, nefnd eða ráð sé hverju sinni saman sett af einstaklingum í sem jöfnustum kynjahlutföllum, sem hafa breiða þekkingu og bakgrunn, s.s. m.t.t. aldurs og reynslu, sem nýtist viðkomandi fyrirtæki og eftir atvikum hagaðilum þess hverju sinni, m.t.t. hlutverks og verkefna fyrirtækisins, rekstrar þess og framtíðarsýnar.

Við kosningu í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja skal miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess. Í 5 manna stjórn skal ennfremur miðað við að a.m.k. tveir af framangreindum stjórnarmönnum séu jafnramt óháðir Reykjavíkurborg og að í 7 manna stjórn séu 3 af framangreindum stjórnarmönnum jafnramt óháðir Reykjavíkurborg. Kjörnir fulltrúar Reykjavíkur og starfsmenn Reykjavíkurborgar teljast ekki óháðir Reykjavíkurborg, en að öðru leyti skal miðað við óháði samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs hverju sinni. Samkvæmt því er miðað við að óháðir aðilar hafi ekki starfað fyrir félagið eða Reykjavíkurborg, eða verið kjörnir fulltrúar, næstliðin 3 ár.

Tillaga tilnefningarnefndar vegna fyrirtækjanna þriggja er sú fyrsta sem gerð er á grundvelli nýsamþykkrar eigandastefnu. Tilnefningarnefnd fundaði alls 9 sinnum vegna umfjöllunar um tillögurnar og fór eins og við var að búast nokkur tími í að móta starf nefndarinnar og vinnufyrirkomulag.

### 3. Sjónarmið og gögn sem tilnefningarnefnd leggur til grundvallar tillögu sinni

Tilnefningarnefnd hefur sett sér starfsreglur þar sem helstu verkefni nefndarinnar vegna einkaréttarlegra fyrirtækja eru tilgreind:

- 1) Kortlagning á skipan stjórna fyrirtækjanna
- 2) Mat á óhæði sitjandi stjórnarmanna
- 3) Þarfagreining á þekkingu og reynslu í einstökum stjórnnum, m.t.t.
  - a) hlutverks og verkefna fyrirtækisins,
  - b) rekstrar þess og framtíðarsýnar
  - c) sem nýtist fyrirtækinu og hagaðilum þess
- 4) Kortlagning á þekkingu og reynslu sitjandi stjórnarmanna
- 5) Auglýsing eftir framboðum til setu í stjórnnum fyrirtækjanna, s.s. á heimasíðu Reykjavíkurborgar
- 6) Mat á hæfi og hæfni fram kominna tillagna um stjórnarmenn, s.s. út frá ferilskrám og viðtölum við frambjóðendur
- 7) Mat á óhæði einstakra frambjóðenda
- 8) Rökstudd tillögugerð til borgarráðs um tilnefningu / kosningu til stjórna fyrirtækjanna

Tilnefningarnefnd notast við svokallaðar stjórnarmatrixur við kortlagningu á nauðsynlegri þekkingu og reynslu stjórna félaga, annars vegar almenna matrixu sem á við um stjórnir allra þeirra einkaréttarlegu fyrirtækja sem tilnefningarnefnd fjallar um og hins vegar sértæka matrixu fyrir hvert og eitt fyrirtækjanna og út frá þarfagreiningu hvernar og einnar stjórnar.

Almenn matrixa stjórna einkaréttarlegra fyrirtækja inniheldur eftirfarandi þekkingu og reynslu:

- 1) Stjórnun og stjórnarhættir
- 2) Stefnumótun og framtíðarsýn
- 3) Fjármál - áætlanagerð, reikningsskil og endurskoðun
- 4) Sjálfbærni rekstrar og áhættustýring
- 5) Mannauðsmál
- 6) Innra eftirlit
- 7) Samfélagsábyrgð / umhverfismál / loftlagsmál
- 8) Lögfræði
- 9) Markaðsmál / almannatengsl
- 10) Upplýsingatækni
- 11) Aldur stjórnarmanns
- 12) Fjöldi ára í stjórn

Tilnefningarnefnd vinnur jafnframt sértækar matrixur fyrir einstök fyrirtæki og eru þær eftirfarandi fyrir fyrirtækin þrjú:

#### ***Faxaflóahafnir:***

- 1) Hafnarstarfsemi og rekstur hafna
- 2) Hagaðilar fyrirtækisins
- 3) Fjármál sveitarfélaga
- 4) Fjármagnsskipan félagsins
- 5) Hafnarlög og reglur / reglugerðir
- 6) Skipulags- og lóðamál
- 7) Innkaupareglur opinberra aðila
- 8) Kaup, sala og leiga fasteigna / lóða
- 9) Öryggis- og heilbrigðismál
- 10) Stafræn þróun

## **Félagsbústaðir**

- 1) Rekstur, viðhald, leiga, kaup, og sala fasteigna
- 2) Velferðarmál / félagslegt húsnæði
- 3) Hagaðilar fyrirtækisins
- 4) Fjármál sveitarfélaga
- 5) Fjármagnsskipan félagsins
- 6) Byggingastarfsemi
- 7) Innkaupareglur opinberra aðila
- 8) Upplýsingaskylda og regluvarsla
- 9) Fjárfestatengsl
- 10) Stafræn þróun

## **Orkuveita Reykjavíkur**

- 1) Vatns, hita-, raf- og fráveitustarfsemi, framleiðsla og sala rafmagns og vatns og rekstur gagnaveitu
- 2) Hagaðilar fyrirtækisins
- 3) Fjármál sveitarfélaga
- 4) Fjármagnsskipan félagsins
- 5) Raforkulöggjöf og reglur / reglugerðir o.fl.
- 6) Raforkumarkaðir
- 7) Stjórnarhættir á samstæðugrunni
- 8) Öryggis- og heilbrigðismál
- 9) Upplýsingaskylda og regluvarsla
- 10) Fjárfestatengsl
- 11) Stafræn þróun

Þegar matrixur höfðu verið skilgreindar voru gerðar tillögur að þeim aðilum sem tilnefndir yrðu í stjórnir fyrirtækjanna sem ekki teldust uppfylla skilyrði um að vera óháðir fyrirtækjunum, stjórnendum þeirra og Reykjavíkurborg. Þekking þeirra og reynsla var kortlögð út frá fyrirliggjandi matrixum og matrixurnar síðan gloppugreindar m.t.t. þeirrar þekkingu og reynslu sem framangreinda aðila skorti. Einnig var aflað eftir bestu getu upplýsinga frá öðrum eigendum fyrirtækjanna þar sem þeim er til að dreifa, til að ná fram sem heildstæðustu sýn yfir þekkingu reynslu, aldur og kynjaskiptingu stjórnanna.

Því næst gerðu nefndarmenn tillögur að nokkrum fjölda óháðra aðila sem töldust uppfylla skilyrði um þekkingu og reynslu sem skorti samkvæmt kortlagningu með matrixunum, en einnig að teknu tilliti til kyns, aldurs og starfsaldurs í viðkomandi stjórnnum.

Samkvæmt erindisbréfi skal tilnefningarnefnd viðhafa faglegt mat við gerð að tillögu og miða að því að ná fram bestu samsetningu í viðkomandi trúnaðarstöður m.t.t. hagsmuna fyrirtækisins, eigenda þess og annarra hagsmunaaðila. Tilnefningarnefnd yfirfór framangreind gögn og lagði heildstætt mat á það hvaða aðilar fullnægðu best ofangreindum viðmiðum.

Tilnefningarnefnd leit einnig til þess að um er að ræða fyrstu tilnefningar nefndarinnar og að gert er ráð fyrir að stjórnir séu skipaðar af hálfu Reykjavíkurborgar til fjögurra ára í senn, en að umboð óháðra aðila verði endurskoðað eða endurnýjað árið 2024 og þá til ársins 2028, þannig að hluti stjórnar sé kjörinn eða tilnefndur þegar 2 ár eru liðin af kjörtímabili annarra stjórnarmanna, og öfugt. Gert er ráð fyrir að samþykktum Félagsbústaða hf. verði breytt til að endurspeglu þetta, en sameignarsamningar fyrirtækja í sameign með öðrum sveitarfélögum verði endurskoðaðir í samráði við þau samhliða innleiðingu eigandastefnunnar að öðru leyti. Tillaga tilnefningarnefndar miðar engu að síður við að ákvörðun borgarráðs um skipunartíma tilnefndra aðila endurspegli eigandastefnuna, eins og nánar greinir hér á eftir, nema borgarráð ákveði annað.

#### 4. Tillaga tilnefningarnefndar

Niðurstaða tilnefningarnefndar byggist á heildarmati, þar sem ofangreind sjónarmið eru höfð til leiðbeiningar og viðmiðs.

##### **Faxaflóahafnir sf.**

Samkvæmt sameignarfélagssamningi Faxaflóahafna er stjórn félagsins skipuð með eftirfarandi hætti:

„5.1. Stjórn félagsins nefnist hafnarstjórn og skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara. Aðalfundur eigenda lýsir kjöri stjórnar til eins árs<sup>1</sup> í senn í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Reykjavíkurborg tilnefnir 4 stjórnarmenn, þar af 2 óháða, Akraneskaupstaður tilnefnir einn stjórnarmann, Hvalfjarðarsveit einn stjórnarmann og Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð tilnefna sameiginlega einn óháðan stjórnarmann. Reykjavíkurborg kýs formann stjórnar en stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamenn skulu kosnir/tilnefndir á sama hátt og aðalmenn.

Með óháðum stjórnarmönnum er átt við aðila sem óháðir eru Faxaflóahöfnum og eigendum Faxaflóahafna samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs o.fl. um góða stjórnarhætti hverju sinni. Kjörnir fulltrúar í borgar-, bæjar og sveitarstjórnnum eigenda og starfsmenn þeirra, á yfirstandandi og næstliðnu kjörtímabili, teljast ekki óháðir stjórnarmenn.“

Tillaga tilnefningarnefndar um tilnefningu í stjórn Faxaflóahafna sf. er eftirfarandi:

<b>Aðalmenn</b>	<b>Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður</b>
	<b>Hildur Björnsdóttir</b>
	<b>Már Másson – óháður</b> <i>Starfaði sem markaðsstjóri hjá Bláa Lóninu og var áður samskiptastjóri Íslandsbanka, Glitni og Fjármálaeftirlitinu. BS í alþjóðaviðskiptum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn og mastersgráðu í samskiptum frá Usí háskólanum della Scizzera italiana.</i>
	<b>Ragnheiður H. Magnúsdóttir – óháð</b> <i>Master í vélaverkfræði frá Álaborgarháskóla. Í dag stjórnarformaður og meðeigandi í Nordic Ignite sem er englafjórðingafélag sem fjárfestir í sprotafyrirtækjum á fyrstu stigum. Var áður framkvæmdastjóri Maggar, forstöðumaður framkvæmda hjá Veitum, stjórnandi hjá Marel o.fl.</i>
<b>Varamenn</b>	<b>Friðjón Friðjónsson</b>
	<b>Pawel Bartozcek</b>
	<b>Íris Baldursdóttir – óháð</b> <i>Framkvæmdastjóri og annar stofnandi Snerpu Power. Útskrifaðist sem rafmagnsverkfræðingur frá HÍ 1999 og með M.Sc. frá KTH Royal tækniskólanum í Svíþjóð.</i>
	<b>Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir – óháð</b> <i>Útskrifaðist sem lögfræðingur frá HÍ 1996 og með meistaraáráðu í alþjóðalögum frá Háskólanum í Cambridge 1998. Vinnur sem framkvæmdastjóri hjá heilsutæknifyrirtækinu Risk Medical Solutions</i>

<sup>1</sup> Við innleiðingu eigendastefnunnar er miðað við að sameignarfélagssamningi sé breytt í samráði við aðra eigendur, m.a. við að lengja kjörtímabil stjórnar í 4 ár – þó þannig að hluti stjórnar sé ávallt kjörinn þegar 2 ár eru liðin af kjörtímabili hluta stjórnarmanna. Þannig sitji komandi stjórn til fjögurra ára en umboð óháðra stjórnarmanna verði endurskoðað eða endurnýjað árið 2024 - og til næstu 4 ára eða til ársins 2028.

## Félagsbústaðir hf.

Í 1. mgr. 19. gr. samþykktu Félagsbústaða segir:

„Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.“

Í eigandastefnunni segir að fjöldi stjórnarmanna ráðist af eðli rekstrar fyrirtækis, umfangi hans og efnahags og skuli miðað við að stjórnarmenn séu ekki færri en 5 talsins, og að stjórn kjörin til 4 ára í senn. Reykjavíkurborg er eini hluthafi Félagsbústaða og miðar tillaga tilnefningarnefndar við að samþykktum verði breytt til samræmis við eigandastefnuna, samhliða kjöri nýrrar stjórnar.

Tillaga tilnefningarnefndar um kosningu í stjórn Félagsbústaða hf. er eftirfarandi:

Aðalmenn	Kjartan Magnússon
	<b>Magnús Nordal</b>
	<b>Ellý Alda Þorsteinsdóttir – óháð</b> <i>Lauk starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands árið 1988 og meistaranámi í stjórnun frá Háskólanum í Kent árið 1991. Hún starfaði að málefnum félagsþjónustu hjá Reykjavíkurborg frá árinu 1988 til 2017, síðast sem skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra á velferðarsviði.</i>
	<b>Haraldur Flosi Tryggvason – óháður</b> <i>Hefur verið stjórnarformaður Félagsbústaða síðustu ár. Hann er héraðsdómslögmaður með framhaldsmenntun í Evrópurétti auk MBA gráðu, var áður stjórnarformaður OR og hefur mikla reynslu úr viðskiptalífínu.</i>
	<b>Ragnheiður Björk Halldórsdóttir - óháð</b> <i>Hún útskrifaðist frá 2014 með BSc í verkfræði, með masterspróf frá Háskólanum í München í nýsköpun, verkfræði og stjórnun. Hefur m.a. starfað sem verkefnastjóri hjá Landsvirkjun, sérfræðingur hjá BMW Group og Daimler AG, ráðgjafi hjá McKinsey&amp;Company og vinnur sjálfstætt í dag sem ráðgjafi.</i>
Varamenn	Helgi Áss Grétarsson
	<b>Rannveig Ernudóttir</b>
	<b>Kolbrún Garðarsdóttir – óháð</b> <i>Hefur rekið eigin lögmannsstofu í rúm 11ár en starfaði áður sem lögfræðingur hjá Íslandsbanka og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, nú Umboðsmaður skuldara, við endurskipulagningu fjármála fyrirtækja og einstaklinga. Reynsla af víðtæku samstarfi við ýmsa aðila innan stjórnsýslunnar almennt og góð þekking af opinberri stjórnsýslu.</i>
	<b>Steinunn Bergmann - óháð</b> <i>Útskrifaðist frá Háskóla Íslands (HÍ) með BA gráðu í uppeldis- og menntunarfræði 1995 og starfsréttindi í félagsráðgjöf árið 1996. Hún lauk diplomanámi í barnavernd við Endurmenntun HÍ árið 2001, MPA námi frá HÍ árið 2010 og hlaut sérfræðiréttindi í barnavernd árið 2017. Steinunn starfaði hjá Félagsmálastofnun/Félagsþjónustu/Velferðarsviði Reykjavíkur frá 1992 til 2007 og hjá Barnaverndarstofu frá 2007 til 2019. Steinunn hefur jafnframt sinnt stundakennslu við HÍ frá árinu 2006.</i>
	<b>Arent Orri Jónsson</b>

## Orkuveita Reykjavíkur sf.

Samkvæmt sameignarsamningi OR er stjórn skipuð með eftirfarandi hætti:

„6.1 Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skal skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn með málfrelsi og tillögurétt.

6.2 Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár<sup>2</sup> í senn, frá aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.“

Aðalmenn	Skúli Þór Helgason
	<b>Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir</b>
	<b>Gylfi Magnússon – óháður og gegni formennsku í stjórn</b> <i>Prófessor við viðskiptafræðideild HÍ. Starfaði m.a. sem viðskiptaráðherra og setið í ýmsum stjórnunum, m.a. í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ohf. frá 2014.</i>
	<b>Vala Valtýsdóttir – óháð og gegni varaformennsku í stjórn</b> <i>Lauk Cand jur prófi frá Lagadeild HÍ 1989 og hlaut réttindi sem héraðsdómslögmaður 1998. Er meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, var áður meðeigandi hjá Deloitte, Taxis lögmönnum, starfaði hjá Ernst&amp;Young og KPMG og hjá Ríkisskattstjóra. Hefur setið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ohf. frá 2021.</i>
	<b>Þórður Gunnarsson - óháður</b> <i>Hefur lokið grunnnámi í hagfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi í orkuhagfræði við BI Norwegian School of Management í Osló og IFP Energies Nouvelles í París. Starfaði hjá MP banka (nú Kvika) og dótturfélögum hans um nokkurra ára skeið. Jafnframt starfaði Þórður í London í tæplega fimm ár, lengst hjá Standard &amp; Poors Global við greiningar á alþjóðlegum orku- og hrávörumörkuðum.</i>
Varamenn	Björn Gíslason
	<b>Sara Björg Sigurðardóttir</b>
	<b>Auður Hermannsdóttir - óháð</b> <i>Aðjúntk við viðskiptafræðideild HÍ og sérhæfir sig í markaðsfræði. Er í doktorsnámi við HÍ. Hefur verið varamaður í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ohf. síðan 2012.</i>
	<b>Páll Gestsson – óháður</b> <i>Starfar hjá deCode Genetics, er verkfræðingur að mennt og hefur verið varamaður í stjórn OR síðustu ár.</i>
	<b>Ragnheiður Björk Halldórsdóttir – óháð</b> <i>Útskrifaðist frá HÍ 2014 með BSc í verkfræði, með masterspróf frá Háskólanum í München í nýsköpun, verkfræði og stjórnun. Hefur m.a. starfað sem verkefnastjóri hjá Landsvirkjun, sérfræðingur hjá BMW Group og Daimler AG, ráðgjafi hjá McKinsey&amp;Company og vinnur sjálfstætt í dag sem ráðgjafi.</i>

<sup>2</sup> Við innleiðingu eigandastefnunnar er miðað við að sameignarfélagssamningi sé breytt í samráði við aðra eigendur, m.a. við að lengja kjörtímabil stjórnar í 4 ár – þó þannig að hluti stjórnar sé ávallt kjörinn þegar 2 ár eru liðin af kjörtímabili hluta stjórnarmanna. Þannig sitji komandi stjórn til fjögurra ára en umboð óháðra stjórnarmanna verði endurskoðað eða endurnýjað árið 2024 - og á til næstu 4 ára eða til ársins 2028.

## **5. Umboð eigandafyrirsvars og endurskoðun tilnefningarnefndar**

Tilnefningarnefnd leggur til að eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar verði veitt umboð til að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar á aðalfundum og eigendafundum Faxaflóahafna sf., Félagsbústaða sf. og Orkuveitu Reykjavíkur hf., og tilnefna eða kjósa framangreinda einstaklinga í stjórnir þeirra.

Lagt er til að skipunartími framangreindra einstaklinga sé fram að sveitarstjórnarkosningum 2026, nema borgarráð ákveði annað.

Þó skal tilnefningarnefnd endurskoða og eftir atvikum endurnýja umboð óháðra aðila í stjórnir fyrirtækjanna fyrir lok árs 2024, og gera tillögu til borgarráðs um tilnefningar óháðra aðila til setu í stjórnnum þeirra á tímabilinu 2024 til 2028.

**Samþykkt á fundi tilnefningarnefndar, 13. desember 2022**